

## VIÐBYGGING - BYGGINGALÝSING:

Sótt er um samþykki fyrir stækkun mhl 02. Stækkun mun að mestu vera undir jarðvegsyfirborði og mun hún innihalda geymslurými og snyrtingu fyrir fatlaða. Einnig verður tengibygging / skáli gerður á milli eldri hluta og viðbyggingar. Viðbygging verður öll „köld“ rými þ.e. hituð í mest uppí +17°C og þær notaðar til geymslu á munum.

Við hönnun viðbyggingarinnar er leitast við að hafa hana eins lítið áberandi og hægt er með því að byggja hana inni lóðina (neðanjarðar) að mestu og mun yfirborð lóðar (gras eða hellur) fljóta yfir þak byggingarinnar þannig að hún mun ekki sjást frá nærliggjandi húsum.

Framhlið sem snýr að porti milli húsanna mun hinsvegar vera í fullri lofthæð og létt tengibygging sem ætlað er að tengja saman innangengt núverandi hús og nýbyggingu í porti. mun útlitslega halda heildarsvip núverandi bygginga á lóðinni með samsvarandi klæðningum, þaki og gluggum í stíl við þá sem eru til staðar.

### Brúttó stærðir:

1. Stækkun	134,3m <sup>2</sup> / 363,3m <sup>3</sup>
2. Mhl 02 eftir stækkun	260,7m <sup>2</sup> / 750,8m <sup>3</sup>

### Burðarvirki:

Í geymsluhúsnæði verða sökkjar, botnplata, útvæggir, stigi, þakplata og innveggir að mestum hluta járnþentir og staðsteyptir í samræmi við verkfræðiteikningar en tengibygging verður byggð upp sem timburgrind / póstar með gleri og léttu þaki í.

### Klæðningar og einangrun:

Útan á sökkla og undir botnplötu verður einangrað með 100mm plasteinangrun 16kg/m<sup>3</sup>.

Útvæggir sem snúa að jörðu verða einangraðir að utan með 100mm plasteinangrun, á einangrun kemur einnig takkadúkur. Að innan eru veggir sandspartlaðir og málaðir.

Ofan á þakplötu eru brædd tvö lög af asfaltþappa og ofan á hann kemur sandur og yfirborðsefni gras eða hellur. Undir plötuna verður einangrað með a.m.k 100mm með rakaheldri einangrun og múrað undir hana, spartlað og málað.

Glugga- og hurðakarmar eru úr timbri. Hámarks svignun gluggapósta og karma er L/300 og eða 8mm. Allir gluggar hússins verða með tvöföldu K- gleri. Einangrunargildi glers er 1,3 W/m<sup>2</sup>K

### Innveggir:

Innveggir eru almennt steyptrir og sandspartlaðir, þó mun léttur veggur við blautkjarna verða hlaðinn með vikursteyni og múraður beggja vegna, spartlaður og málaður.

Allar klæðningar inni verða minnst í klæðningaflokki 1.

### Einangrun hússins skal uppfylla eftirfarandi

(upphitun 0 til 18°C):

U - gildi þaks er.	0,30
U - gildi útvægja er.	0,40
U - gildi gólfplötu er.	0,40

Vegið meðaltal glugga er 3,0 og hurða engin krafa  
Vegið meðaltal veggja er engin kraf W/m<sup>2</sup>°C

### Handrið:


Handrið verða úr stáli og skulu uppfylla lóðrétt millibil-samkvæmt reglugerð mest 90mm Handriðshæðir verða 0,9m.

### Lagnir:

Húsið er hitað upp með gólfhita sem er innsteyptur eða lagður í ásteyplag, gólfhitakerfi skal vera lokað forhitar kerfi eða uppblöndunarkerfi. Neysluvatnslagnir eru rör í rör kerfi steyptrir í plötur að tækjum á snyrtingu. Gólfniðurföll verða í öllum votrymum. Húsið verður loftræst í samræmi við kafla 10.2 í byggingarreglugerð.

### Brunavarnir:

Brunaviðvörðun- og öryggiskerfi í núverandi húsnæði og verður því framlengt í öll rými viðbyggingar, útljós sem benda á flóttaleiðir, reykskynjarar eru í öllum rýmum.  
Staðselja skal handslökkvitæki og reykskynjara í samræmi við gildandi reglugerðir frá eldvarnartírliti.



### Byggingarlýsing:

Suðurgata 73, Mhl 02  
Staðgreinir. 1400-01-84700731  
Landnr. 122566

### Núverandi bygging:

Núverandi húsnæðið mhl 02 er kennsluhúsnæði upphaflega hannað af Bjarna Erlendssyni árið 1953 sem bifreiðageymsla og árið 1978 var samþykkt stækkun á húsinu sem hönnuð var af Sveinbiri Sigurðssyni. Árið 2015 voru samþykktar reyndarteikningar Onyx ehf af húsinu eins og það er í dag. Húsið er byggt upp sem steyptr botnplata og þar ofaná er hlaðið holsteinshúsi, það þússað að innan og utan með léttu tvíhalla þaki. Geymslu loft er yfir kaffiskrók og geymslu sem aðeins er hægt að komast að um færanlegum stíga frá kennslustofu 2. húsið er upphitað með hefðbundnu ofnakerfi.

**Onyx ehf**

Brynjár Daniélfsson Byggingafr.  
Stórákrika 53 270 Mosfellsbæ  
Sími. 861 5635  
Netfang. onyx@onyx.is  
Veffang. www.onyx.is

nr.	Breyting.	af	dags	VERKEFNI	SUÐURGATA 73 HF	DAGS.	04.04.2016
1				TEIKNING.	Kennsluhúsnæði viðbygging Grunnmynd neðri hæð og byggl.	TEIKNAD AF.	BRYNJAR
2						TEIKN nr.	A101
3				YFIRFARIN OG SAMÞYKKT.		Kl.	09.04.67-5229
4				MÆLIKVARÐI.	1:100		
5				Öll mál á teikningum eru í mm.			
6				0,0 0,1 0,2 0,3 0,4 0,5 0,6 0,7 0,8 0,9 1,0m			
7				100 200 300 400 500 600 700 800 900 1000mm			
8							